

Listasaga, söfn og menntun

Lokaskýrsla

Kennsluþróunarverkefnið hófst sem tilraunaverkefni en markmiðið með verkefninu var að styrkja tengsl milli MVS og safnanna og leitast við að stuðla að víðtækara samstarfi við sambærilegar stofnanir. Hannað var nýtt námskeið sem fékk heitið *íslensk listasaga, söfn og menntun* en markmiðið með námskeiðinu er að verðandi kennarar öðlist þekkingu á listasöfnum og kennslufræði þeirra gagnvart skólum og hæfni til að nýta sér þau sem fræðslustofnanir. Verkefni sem nemendur hafa áður sinnt hafa sjaldnast verið raungerð. Leitast var við að skapa vettvang þar sem áhersla yrði lögð á samstarf og samtal skóla og safna á milli og þar sem nemendum gæfist kostur á að raungera og þróa hugmyndir sínar og vinna m.a. smíðju inn á safni í tengslum við sýningu þar sem börn á grunnskólaaldri yrðu þátttakendur í skapandi starfi.

Fyrsti vísir að þessu samstarfi var á haustmánuðum 2020 þegar komið var á samstarf við Hafnarborg. Það varð til þess að nemendur MVS á námskeiðinu *LVG302G íslensk listasaga, söfn og menntun* unnu tvær smíðjur ætlaðar börnum í tengslum við sýningu í safninu ásamt því að safnastjóri og fræðslufulltrúar safnsins komu inn á námskeiði með fyrirestur og ráðgjöf. Hægt er að sjá afrasktur þessa samstarfs á fb síðu Hafnarborgar (covid19 kom þó í veg fyrir að unnt var að vinna hluta verkefnisins). Samstarfið gekk vel og gagnkvæm ánægja var með samstarfið. Haustið 2022 tók áfanginn á sig skýrari mynd og voru það Gerðarsafn og Þjóðminjasafnið sem urðu fyrir valinu í þetta sinn. Safnakennarar kynntu starfsemin sína fyrir nemendum, fræðslustarf safnsins, þær sýningar sem voru í gangi og hvernig starfinu hefði verið háttað hingað til – með áherslu á börn og ungmenni. Einnig fengu nemendur kynningu frá safnakennara Listasafns Íslands á nýju verkefni um *Sjónlæsi* en nemendur höfðu áður kynnst aðferðinni hjá umsjónarkennara námskeiðsins svo það var vakti áægju að sjá möguleikana sem opnast með þessu verkefni og hefur nú þegar skilað sér í lokaverkefni Ýr Káradóttur til M.Ed. gráðu undir leiðsögn Hönnu Ólafsdóttur og Ragnheiðar Vignisdóttur, fræðslustjóra Listasafns Íslands, þar sem viðfangsefni verkefnisins byggir á sömu rannsóknarnálgun (VTS, visual thinking strategie) og liggur að baki Sjónlæsis-verkefninu (hægt er að nálgast verkefnið inn á [Skemmunni](#)).

Námskeiðið er kennt annað hvert ár og er það skylda hjá nemendum á Sjónlistakjörsviði en opið öllum nemendum í grunn- og meistaranámi í list- og verkgreinum. Tekin var ákvörðun um að meðan verið væri að prufukeyra námskeiðið að hafa það í fyrstu eingöngu opið nemendum Sjónlistakjörsviðs en Haustið '24 verður það opnað í vali fyrir nemendur annarra kjörsviða list- og verkgreina (þó með hámarksfjölda 16).

Námskeiðið var kennt í svokölluðum heilsdagslotum þar sem áherslan var á fyrirlestra, smíðjur, gagnrýna umræðu, vettvangsheimsóknir og verkefnavinnu. Umsjón með námskeiðinu hefur Hanna Ólafsdóttir en jafnframt koma að því nokkrir aðstoðakennarar. Almenn má segja að söfnin hafi tekið nemendum afskaplega vel og verið nemendum innan handar bæði við mótun smíðjunnar en einnig í ráðgjöf er varðar fræðslu- og miðlunarhlutverk safnanna – tilfinning nemenda var að þau væru velkomin og samstarf við þau væri eftirsóknarvert.

Í heildina litið má segja að verkefnið hafi heppnast vel eins og vísbendingar úr könnun sem gerð var á meðal nemenda ásamt kennslukönnun námskeiðsins hafa sýnt. Flestir töldu sig hafa öðlast aukna færni og sjálfstraust til leiðbeina eigin nemendum og tengjast söfnunum í gegnum fræðslufulltrúa safnanna. Einnig nefndu þeir ánægju á að tengja eigið kennsluefni söfnum/safnafræðslu og þjálfá um leið sjónlæsi.

Þar sem mikil ánægja var á báða bóga með framtakið þá var ákveðið að bæta safnakennslu inn í eldra námskeið á meistarástigi í Sjónlistum. Námskeiðið var endurhannað frá grunni með það í huga og hlaut sú vinna styrk úr kennslumálasjóð 2023. Sú vinna er enn í mótun. Safnakennslan er því orðin skylda bæði í grunn- og meistaranámi nemenda í Sjónlistum, Mvs sem verður að teljast til hagsbóta fyrir alla. Nýja

námskeið hefur fengið heitið *Lvg102F lista- og hönnunarsaga, söfn og menntun*. Námskeiðið er unnið í samvinnu við Sigurjón Baldur Hafsteinsson sem kemur jafnframt inn á bæði námskeiðin sem kennari.

Við teljum að við höfum með þessu verkefni nálgast markmið okkar sem er að stuðla að auknu samstarfi safna og skóla á milli. Hæfni kennaranema og kennara til að vinna þverfaglega með fulltrúm safnanna eykst og jafnframt stuðlum við að virkari samtali skóla og safna. Draumastaða væri að starfandi kennara fái aðgang að námskeiðinu í gegnum endurmenntun.

Umsjónarkennari námskeiðsins hefur þegar kynnt hluta verkefnisins á Menntakviku 2022 ásamt meistaranemanda sínum. Þá stendur til að kynna verkefnið á Menntakviku 2024 og í Kaupmannahöfn 2024 (Vild annual conference 2024: Art for change) og með greinarskrifum í netfótaritinu Netlu í þeim tilgangi að vekja athygli á menntunarhlutverki safnanna og gildi þeirra fyrir skólasamfélagið.

Á námskeiðinu fengu nemendur innsýn og þekkingu á að vinna myndræn verkefni þar sem tækni og listrænt nálgun fléttast saman. Skoðað var hvernig stafrænar miðlunarleiðir og gagnvirkir miðlar geti eflt og stutt við skapandi hugsun nemenda og hvernig þær gætu nýst kennurum til að styðja við hefðubundnar aðferðir. Nemendur fengu m.a. innsýn og örkennslu í notkun tækja- og tæknibúnaðar í stuttmyndagerð, gerð hljóðvarpa, rafbóka, þrívíddarskönnunar, skoðuðu möguleika gagnaukins veruleika til kennslu og nýtingar samfélagsmiðla. Einnig var boðið upp á vettvangsheimsóknir (bæði í fyrirtæki og stofnanir) ásamt því að nemendur voru hvattir til að fara á eigin vegum utan þeirra.

Undir lokin námskeiðsins unnu nemendur lokaverkefni (kennsluverkefni) í gegnum ferli sem byggja átti á hugmyndavinnu, úrvinnslu, afurð og miðlun. Meðal lokaverkefna nemenda voru m.a. kennslumyndbönd, rafræn kennsluverkefni (rafbækur), netsíður og hljóðvarp. Einnig unnu nemendur minna kennsluverkefni sem unnið var í samráði við listasafn á Höfuðborgarsvæðinu.